

Sp.

281. Svar

[159. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um kaup á Dauphine-þyrlu Landhelgisgæslunnar.

1. 22. júní 1984 var gengið frá samningi við fyrirtækið Société Nationale Industrielle Aérospatiale í París um kaup á þyrlu af gerðinni SA 365 N Dauphine II fyrir Landhelgisgæsluna.
2. Samninginn undirrituðu Albert Guðmundsson fjármálaráðherra og Jón Helgason dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands.
3. Í kaupsamningi var verð þyrlunnar tilgreint í frönskum frönskum og gert ráð fyrir greiðslu í sama gjaldmiðli.
4. Umsamið heildarverð þyrlunnar með aukaútbúnaði var 26 171 000 FFR.
5. Gengistryggingarákvæði voru ekki í kaupsamningnum. Hins vegar voru ræddir ýmsir möguleikar á lánum, sem Aérospatiale gæti útvegað, í bandarískum dollurum og þýskum mörkum. Þeir kostir þóttu óhagstæðir og var ákveðið að greiða andvirði þyrlunnar að fullu við afhendingu gegn 2,5% afslætti af umsömdu kaupverði.
6. Auk almenns búnaðar var eftirfarandi búnaður innifalinn í kaupverði:
 - a. neyðarflotholt,
 - b. vörukrókur með 1600 kg lyftigetu,
 - c. björgunarspil,
 - d. rennihurðir,
 - e. ljóskastari,
 - f. útbúnaður til að skjóta út blysum,
 - g. ýmis útbúnaður vegna notkunar í slæmu veðri,
 - h. sjúkrabörur,
 - i. gúmbjörgunarbátar,
 - j. aukaeldsneytisgeymir,
 - k. útbúnaður til að losa eldsneyti á flugi,
 - l. ýmis flugstjórnartæki, radíó- og miðunartæki, nauðsynleg vegna flugs yfir sjó og radíósambands við skip,
 - m. ONI Loran-C staðsetningartæki,
 - n. radartæki,
 - o. upptökutæki, svonefndur „svarti kassi”,
 - p. innrauð myndavél,
 - q. hover-doppler stjórnartæki og
 - r. annar minni háttar búnaður ótalinn.
7. Öðrum búnaði hefur ekki verið bætt við áður umsaminna búnað.
8. Hámarksþyngd þyrlunnar er 4000 kg, þar af er tómapungi hennar 2502–2635 kg eftir því hver búnaður er í henni og burðargeta, þ. e. þyngd eldsneytis, áhafnar, farms og farþega, þá 1365–1498 kg. Flugþol þyrlunnar með aukaeldsneytisgeymi, sem í henni er, er 555 sjómílar eða 4 klst. og 15 mín.

Þyrlan hefði getað flogið frá Marseille til Reykjavíkur með allan búnað um borð. Hins vegar þótti hentugra vegna hins langa ferjuflugs að senda utanálíggjandi tæki í flugfrakt, þ. e. björgunarspil, innrauða myndavél, vörukrók o. fl. Öll þessi tæki er hægt að aftengja eða setja í þyrluna á einni til tveimur klukkustundum.
9. Ókunnugt er um hver var umboðsaðili fyrir Aérospatialeverksmiðjurnar 1980. Gunnar Ásgeirsson hf. tók að sér umboðið í apríl 1983. Landhelgisgæslunni er kunnugt um að fulltrúar Aérospatiale voru árið 1982 að leita að aðila sem gæti tekið að sér umboðið.

Svar þetta var unnið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu en málefni Landhelgisgæslunnar heyra undir það ráðuneyti.